



## Heiðursmerki og orður 1944 - 1966

---

Bjarni Benediktsson – Heiðursmerki – Hin íslenska fálkaorða – Riddarakross – Srórkross – Noregur –  
Finland – Svíþjóð

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-44, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# LEIÐBEININGAR

UM HVERNIG BERA SKULI HEIÐURSMERKI

**H**EIÐURSMERKI eru að jafnaði ekki borin nema er menn klæðast hátíðabúningi (kjólfötum, hátíðaeinkennisbúningi eða hempu).

## I. Íslenzk heiðursmerki.

A. *Riddarakross fálkaorðunnar og önnur opinber heiðursmerki* skal bera á brjóstinu vinstra megin (í hnappagati á kjóljakka eða á móts við það). Séu merkin fleiri en eitt, skal bera þau samhliða, raðað frá hægri til vinstri í þessari röð: riddarakross fálkaorðunnar, alþingishátíðarpeningur (1930), lýðveldishátíðarpeningur (1944), heiðurspeningur til minningar um Svein Björnsson forseta, afreksmerki hins íslenska lýðveldis, heiðursmerki Raudakross Íslands.

*Dæmi:* Hafi maður verið sæmdur alþingishátíðarpeningi, riddarakrossi og heiðurspeningi Sveins Björnssonar, er röðin — frá hægri til vinstri — þessi: riddarakross, alþingishátíðarpeningur, heiðurspeningur Sveins Björnssonar.

Það er aldrei ótilhlýðilegt að bera heiðursmerki í fullri stærð, en ekkert er því til fyrirstöðu að bera smámerki (miniature) við all-flest tækifæri, sjá síðar.

B. *Stórriddarakross* skal bera á bandi um hálsinn, þétt undir hnút hálsbindis.

C. *Stjörnu stórriddara* skal bera á brjósti vinstra megin, nálægt hjartastað.

D. *Stórkross*. Stórkrossriddarar bera krossinn á hægri mjöðm í bandi um vinstri öxl, en stórkrossstjörnu á brjóstinu vinstra megin, sbr C. Stórkrossbandið er borið undir kjóljakka, en yfir vesti. Embættismenn kirkjunnar og vígðir kennarar í guðfræðideild háskólans bera krossinn, þegar þeir eru í hempu, í bandi um hálsinn.

## II. Erlend heiðursmerki.

Um burð erlendra heiðursmerkja vísast til reglna þeirra, sem um þau heiðursmerki eru settar. Venjulega gilda svipaðar reglur og greinir hér á undan um íslenzk heiðursmerki; svara þá stigin kommandör og kommandör 1. stígs til stórriddara og stórriddara með stjörnu fálkaorðunnar.

Erlend heiðursmerki skal yfirleitt bera á eftir íslenzkum heiðursmerkjum. Skulu í því sambandi til glöggvunar settar fram eftirfarandi leiðbeiningar:

- a) Maður sem sæmdur er íslenzkum heiðursmerkjum skv. I. A., hér á undan, og erlendum riddarakrossi (hvort heldur 1. eða 2. stígs), skal bera erlenda merkið til vinstri við hin íslenzku. Um röðun erlendra heiðursmerkja innbyrðis, sjá staflið e) hér á eftir.
- b) Stórriddarakross fálkaorðunnar skal bera yfir erlendum kommandörkrossi þannig að íslenska bandið þeki að mestu útlenda



bandið og íslenzki krossinn sé til hægri við þann útlenda.

Ekki þykir heppilegt að bera í senn fleiri en tvö heiðursmerki um hálsinn.

- c) Stjörnu erlends kommandörkross skal bera á brjósti fyrir neðan stjörnu íslenzks stórriddara. Ef um er að ræða fleiri stjórnur útlendar, skal bera þær fyrir neðan eða til vinstri við þær íslenzku eins og nú skal greina:

Íslenzka stjörnu og tvær erlendar skal bera þannig:

1		
2	3	

(táknar 1 íslenzku stjörnunna).

Íslenzka stjörnu og þrjár útlendar þannig:

1	2
3	4

- d) Sams konar reglur eiga við um stórkrossstjörnu og greinir í c) hér á undan. Athygli skal vakin á, að erlenda stórkrossstjörnu skal bera fyrir neðan (eða til vinstri við) stjörnu stórriddara fálkaorðunnar. Athuga þarf sérstaklega hvaða reglur gilda um stórkrossbönd erlendra heiðursmerkja, hvort þau skulu borin um hægri eða vinstri öxl (oftast skal bera þau um hægri öxl). Aldrei er borið nema eitt stórkrossband.
- e) Erlendum heiðursmerkjum er ráðað þannig, að æðri stigum er ráðað fyrst, en síðan lægri, innan sömu stiga, eftir stafrófsröð ríkjanna á frönsku. Á Norðurlöndum er norrænum orðum iðulega ráðað eftir aldri heiðursmerkja á undan öðrum heiðursmerkjum erlendum, og er röðin þá þessi: danskar, sænskar, norskar og finnskar. *Dæmi:* Hafi maður verið sæmdur norskum heiðurspeningi, sænskum riddara-

krossi (2. stigs), frönskum og dönskum riddarakrossum 1. stigs, er röðin þessi: danskt, franskt, sænskt, norskt.

Ef maður er boðinn í erlent sendiráð, þykir hlýða að bera heiðursmerki þess ríkis á undan öðrum heiðursmerkjum útlendum. Við heimboð til sendiherra Svía, þar sem gert væri ráð fyrir heiðursmerkjum, mundi t. d. sá, sem sæmdur er stórriddarakrossi fálkaorðunnar með stjörnu, stórkrossum Dannebrogssorðunnar og sænsku Vasaorðunnar, auk annarra riddarakrossa eða heiðurspeninga, bera heiðursmerkin þannig: Stórriddarabandið íslenzka um hálsinn, sænska stórkrossbandið, íslenzku stórriddarastjörnunna, fyrir ofan sænsku og dönsku stórkrossstjörnurnar, — enn fremur smámerki í þeirri röð er greinir í fyrri málsgrein þessa stafliðs.

Þótt aðalreglan sé sú, að erlend heiðursmerki séu borin á eftir íslenzkum, getur forseti Íslands ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að heiðursmerki ákveðins ríkis séu borin á undan íslenzkum. Einnig geta Íslendingar erlendis borið stórkrossband þess lands, frekar en íslenzkt, er þjóðhöfðingi landsins er viðstaddur, eða fulltrúar Íslands erlendis mæta þar í boði opinberra aðila. Íslenzk stjarna mundi þó borin ofar erlendri stjörnu við öll tækifæri, nema forseti Íslands ákvæði annað.

### III. Smámerki (miniature) eða full stærð heiðursmerkja.

Eins og áður segir er alltaf tilhlýðilegt að bera orður og heiðursmerki í fullri stærð, en oft er þó nægilegt að bera smámerki.

Við sum tækifæri, t. d. embættistöku forseta Íslands, heimsókn erlends þjóðhöfðingja,

eða þegar þess er sérstaklega getið, skal bera heiðursmerki í fullri stærð. Þó er í þessu sambandi rétt að geta þess, að ef maður ber merki stórriddara eða stórkross fálkaorðunnar — eða tilsvarendi erlend heiðursmerki — er nægilegt að bera jafnframt smámerki annarra heiðursmerkja.

Við önnur tækifæri er venjulega ekkert því til fyrirstöðu að bera smámerki, og er

þá ekki nauðsynlegt fyrir þá, sem sæmdir eru stórriddarakrossi (kommandör) með stjörnu eða stórkrossi, að bera krossinn í bandi um háls eða öxl, heldur nægir að bera stjörnu á brjósti. Sé forseti Íslands viðstaddur, þykir þó hlýða að bera band þessara orðustiga um háls eða öxl.

Ekki er viðeigandi að bera smámerki við hátíðaeinkennisbúning eða hempu.

Reykjavík, 20. nóvember 1954.

*Orðuritari.*



## FORSÆTISRÁÐHERRANN

Reykjavík,

10. október 1944.

./o. Hér með er yður, herra alþingismaður, sent skjal um að þér séuð sændur heiðursmerki vegna endurreisnar lýðveldisins, sbr. forsetabréf frá 8. júlí s.l. En sjálft heiðursmerkið verður sent síðar, því að sérstakar ástæður valda því, að það er enn eigi fullgert.

F. h. r.

e. u.

*Pisginnaslaus*



# Forseti Íslands

gjörir kunnugt:

Áð ég hef samkvæmt forsetabréfi, útgefnu  
í dag, og tillögu ríkisstjórnarinnar, samt

herra Bjarna Benediktsson,

alþingismann Reykjavíkur,

heidursmerki vegna endurreisnar lýðveldisins.

Gjört á Þingvöllum, 8. júlímánuðar 1944.

Leinn Þorsson

Leinn Þorsson



# Forseti Íslands

Ggjörir kunnugt:

Ég hef í dag sæmt

herra borgarstjóra Bjarna

Benediktsson riddara -

krossi *hinnar íslensku fálkaorðu*

Gjört í Reykjavík

18. ágúst 1946.

*Kennedy*



*Magnús Þórðarson*

*Guðmúndur Þórðarson*

*Guðmúndur Þórðarson*

*Sigurður Halldórsson*

*Riis & Kross*



## Viðurkenning á móttöku heiðursmerkis.

Hér með viðurkenni ég að hafa móttengið Stíkur  
hinnar íslensku fálkaorðu, sem ég var sæmdur þann 1. des. 1953.

Ég hef kynnt mér ákvæði 12. gr. forsetabréfs nr. 42 frá 1944, um hina íslensku fálkaorðu, sem fjallar um, hvenær skila beri heiðursmerkinu aftur. Mun ég gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að ákvæðum greinarinnar verði framfylgt. Einnig hef ég kynnt mér ákvæði 13. gr. sama forsetabréfs.

Nafn	Staða	Heimilisfang
Önnur heiðursmerki		

..... þann ..... 19.....

.....  
Undirskrift.

Til orðuritara,  
Reykjavík.



# FORSETABRÉF

UM HINA ÍSLENZKU FÁLKAORÐU

NR. 42 11. JÚLÍ 1944

OG


# FORSETABRÉF

UM STARFSHÁTTU ORÐUNEFNDAR


NR. 114 31. DESEMBER 1945







Band stórkrossriddara.



Stórkrossstjarnan.



Stórriddarakrossinn og hluti úr keðju stórmeistarans.



## Forsetabréf um hina íslenzku fálkaorðu.

1. gr. — Orðunni má sæma þá menn, innlenda og erlenda, og þær konur, sem öðrum fremur hafa eftl hag og heiður fósturjarðarinnar eða unnið afrek í þágu mannkynsins.

2. gr. — Forseti Íslands er stórmeistari orðunnar.

3. gr. — Nefnd 5 manna ræður málefnum orðunnar. — Eftir tillögu forsætisráðherra kveður forseti Íslands 4 menn, sem sændir eru og bera heiðursmerki orðunnar, til setu í nefndinni til 6 ára í senn, og tilnefnir formann nefndarinnar svo og einn mann til vara til þriggja ára í senn. Úr nefndinni ganga 3. hvert ár 2 aðalmanna, en í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Þá, er úr ganga, má kveðja til setu í nefndinni á ný. Ráðherra má ekki eiga sæti í nefndinni. Ritari forseta Íslands er orðuritari og skipar fimmta sætið í nefndinni. Nefndarstarfið er heiðursstarf án launa, og setur nefndin sér sjálf starfsreglur, sem hún leggur fyrir forseta til staðfestingar.

4. gr. — Orðunefndin gerir tillögur til stórmeistarans um veiting orðunnar. — Við hátiðleg tækifæri getur stórmeistari þó, er honum þykir hlýða, veitt orðuna án tillagna orðunefndar.<sup>1)</sup> — Þegar íslenzkur ríkisborgari er sændur orðunni, skal ávallt skýrt opinberlega frá því, hverjir sérstakir verðleikar hafi gert hann verðan sændarinnar.

5. gr. — Stig orðunnar eru þessi: — Stórkrossriddari. — Stórriddari með stjörnu. — Stórriddari. — Riddari.

6. gr. — Við hátiðleg tækifæri ber stórmeistarinn, auk stórkrossstjörunnar, merkið í gullinni keðju um hálsinn. Keðjan liðast í blásteinda skildi með silfrum fálka og skjaldarmerki lýðveldisins í litum þess, til skiptis. — Keðjan ásamt stórkrossstjörnunni er jafnframt æðsta stig orðunnar, og ber stórmeistari það einn íslenzkra manna. Stórmeistari getur sæmt þjóðhöfðingja annarra ríkja þessu stigi orðunnar.<sup>2)</sup>

7. gr. — Sameiginlegt merki orðunnar er gullrenndur, innskorinn, hvitsteindur kross og álmuhornin stýð af innávið. Framan á krossinum miðjum er gullrenndur, blásteindur skjöldur og á honum silfurfálki, er lyftir vængjum til flugs. Aftan á krossinum miðjum er blásteind, sporöskjulöguð, gullrennd rönd, og á hana letrað með gullnum stöfum: Seytjándi júní 1944. — Krossar stórkrossriddara og stórriddara eru jafnstórir. Riddarakrossar minni. — Band orðunnar er heiðblátt, en jaðrar hvítir með hárauðri rönd; band stórkrossriddara er breiðast, en riddara mjóst. — Stórkrossriddarar bera krossinn á hægri mjöðm í bandinu um vinstri öxl. Stórriddarar

1) 2. mgr. 4. gr., sbr. forsetabréf 31. desember 1945, nr. 115, um breyting á forsetabréfi frá 11. júlí 1944.

2) 3. mgr. 6. gr., sbr. forsetabréf nr. 103 29. nóvember 1949, um breyting á forsetabréfi frá 11. júlí 1944.

bera hann í bandinu um hálsinn, en riddarar á brjóstinu vinstra megin. — Stórkrossriddarar bera enn fremur á brjóstinu, vinstra megin áthyrnda silfurstjörnu með krossmerkinu á. — Embættismenn kirkjunnar og vígdir kennarar í guðfræðideild háskólans, sem eru stórkrossriddarar, bera krossinn, þegar þeir eru í embættisbúningi kirkjunnar, í bandi um hálsinn. — Stjarna stórriddara er áthyrnd silfurstjarna og á henni miðri blásteindi silfurskjöldurinn með silfurfálkanum, og bera þeir hana á brjóstinu vinstra megin. — Öll merki orðunnar og bönd skulu gerð samkvæmt teikningum, sem stórmeistarinn hefur samþykkt.

8. gr. — Formaður orðunefndar ber, stöðu sinnar vegna, hægri megin á brjóstinu stórkrossstjörnunna.

9. gr. — Stórmeistarinn skrifar undir útnefningarbréfið, og allir nefndarmenn rita einngi á það nafn sitt.

10. gr. — Innsigli orðunnar er stórkrossstjarnan og áletrun: Sigillum ordinis falconis Islandiæ. Á bandi fyrir ofan stjörnunna standa einkunnarorð Jóns Sigurðssonar: Eigi vikja. Fyrir neðan stjörnunna: 17. júní 1944.

11. gr. — Stórmeistari getur, að ráði orðunefndar, svipt mann, sem hlotið hefur orðuna, en síðar gerist sekur um misferli, rétti til að bera hana.

12. gr. — Við andlát þess, er orðunni hefur verið sændur, ber tafarlaust að skila aftur til orðuritara orðunni eða orðunum. Í útlöndum má fá föstum sendimönnum og ræðismönnum orðurnar til frekari fyrirgreiðslu. Stórkrossriddara ber við útnefningu að skila stórriddarastjörnunni, hafi hann verið sændur henni áður, svo og stórriddara riddarakrossinum, hafi hann haft hann áður.

13. gr. — Íslenzkur ríkisborgari, sem sændur er orðunni, skal við útnefningu og aftur ef honum hlotnast æðra stig orðunnar, senda orðuritara stutta æviskýrslu sína. Að mannum látnum afhendir orðuritari skýrsluna Þjóðskjalasafninu til geymslu.

14. gr. — Þegar erlendur ríkisborgari er sændur stórriddarakrossi fálkaorðunnar með stjörnu, skal, eftir atvikum hverju sinni, afhenda honum stjörnunna og krossinn eða einungis stjörnunna. — Erlendur ríkisborgari, er hlotið hefur stórriddarakross, skal að jafnaði skila honum aftur, verði hann sændur stjörnu stórriddara.<sup>1)</sup> — Ákvæði þessi gilda gagnvart borgurum ríkja, er búa við svipaðar reglur.

15. gr. — Allur kostnaður orðunnar greiðist úr ríkissjóði.

1) 14. gr., sbr. forsetabréf nr. 5 23. janúar 1948, um breyting á forsetabréfi frá 11. júlí 1944.

## Forsetabréf um starfsháttu orðunefndar.

### I. KAFLI Veiting orðunnar.

1. gr. — Stórmeistari hinnar íslenzku fálkaorðu sæmir innlenda menn og erlenda heiðursmerkinu samkvæmt tillögu orðunefndar. Við hátiðleg tækifæri getur stórmeistari þó, er honum þykir hlýða, veitt orðuna án tillagna nefndarinnar.

2. gr. — Nefndarmaður hver getur borið fram tillögu á fundi um veiting orðunnar. Samþykki a. m. k. fjögurra nefndarmanna þarf til þess að tillaga um orðuveiting verði borin upp fyrir stórmeistara. — Geti nefndarmaður eigi fjallað um mál sakir fjarvista eða annarra ástæðna, skal varamaður til kvaddur.

3. gr. — Heimilt er nefndinni að bera upp fyrir stórmeistara tillögur um orðuveitingar, án þess að málið hafi verið tekið til meðferðar á fundi, enda hafi orðuritari að boði formanns aflað tillögunni samþykkis nefndarmanna, sbr. 2. gr. — Staðfesta skal slíkar tillögur á næsta nefndarfund. — Berist nefnd-

inni tillaga um orðuveitingar, skal orðuritari afla þeirrar vitneskju í málinu, er nefndarmenn telja nauðsynlega til þess að tillagan hljóti afgreiðslu.

4. gr. — Stórmeistari getur veitt allt að ~~veittu~~ <sup>veittu</sup> Íslendingum fálkaorðuna ár hvert samkvæmt tillögum orðunefndar. Skulu orðuveitingar aðallega fram fara á nýársdag og 17. júní. Þó má eigi veita fleiri en sjö heiðursmerki hvorn daginn, en hin þegar henta þykir, eitt eða fleiri í senn. Til orðuveitinga telst þegar þeir, er hlotið hafa heiðursmerkið áður, fá æðra stig þess. — Þótt orðuveitingar til Íslendinga samkvæmt tillögum orðunefndar séu hér takmarkaðar við ~~tuttugu~~ <sup>tuttugu</sup> á ári, er eigi með því skertur réttur stórmeistara til orðuveitinga samkvæmt 2. mgr. 1. gr. hér að framan.

5. gr. — Um allar orðuveitingar til erlendra ríkisborgara ber að leita umsagnar utanríkisráðherra Íslands. Tekur þetta ákvæði einnig til þeirra orðuveitinga, er stórmeistari fram-



kvæmir án atbeina orðunefndar, sbr. 2. mgr. 1. gr. hér að framan.

6. gr. — Sá, sem sæmdur er fálkaorðunni í fyrsta sinn, skal að jafnaði hljóta lægsta stig hennar. Þó má frá þessu vikja, ef sérstakar ástæður mæla með því. — Ef þjóðhöfðingjum eða forsætisráðherrum er veitt fálkaorðan, skulu þeir jafnan hljóta æðsta stig hennar — stórkrossinn. — Sé orðan veitt Íslendingum, sem hlotið hafa erlend heiðursmerki, skal eigi að jafnaði taka tillit til þess, þótt hið erlenda orðustig sé hærra en það stig fálkaorðunnar, er veita á. — Ef orðan er veitt erlendum mönnum, sem bera heiðursmerki heimalands síns, skal sæma þá samsvarandi stigi fálkaorðunnar. — Þegar stig hinnar erlendu orðu eru fleiri en fjögur, samsvarar stórkrossstigið aðeins hæsta stiginu, en stig stórriddara með stjörnu því næst hæsta. Séu stigin fleiri en tíu, samsvarar stórriddarakross með stjörnu tveimur hinum næst hæstu, en stigin þar fyrir neðan skiptast sem næst að jöfnu, og samsvarar stig stórriddara æðri stiginum, en stig riddara hinum lægri.

7. gr. — Eigi má veita þeim, er sæmdur hefur verið fálkaorðunni, æðra stig hennar en hið næsta fyrir ofan það, er hann áður hlaut. Riddara má því eigi sæma æðra stigi en stórriddarakrossi o. s. frv. — Þrjú ár skulu liða hið skemmsta frá því að sá, er hlotið hefur riddarakross, hlýtur stórriddarakross. Stórriddara má eigi sæma stjörnu fyrr en að liðnum sex árum frá því að hann hlaut stórriddarakrossinn, og stórriddara með stjörnu má eigi sæma stórkrossi fyrr en að liðnum tólf árum frá því að hann hlaut stjörnu. — Stórmeistari getur þó vikið frá þessu, ef honum þykir hlýða, sbr. 1. gr.

## II. KAFLI

### Afhending heiðursmerkja og birting orðuveitinga.

8. gr. — Stórmeistari afhendir sjálfur stórkross, ef því verður við komið. Formaður orðunefndar afhendir að jafnaði önnur stig orðunnar, en varaformaður eða orðuritari, ef formaður er forfallaður. Þó má haga afhendingunni á annan hátt

eftir samkomulagi nefndarmanna. — Afhending heiðursmerkja til manna, sem búsettir eru erlendis, skal falin sendisveitum Íslands. Innanlands, þar sem hvorki formaður né aðrir nefndarmenn geta annast afhendinguna, skal hún falin hlutaðeigandi lögreglustjóra. Þó er heimilt að gera um þetta aðrar ráðstafanir. — Ef stórmeistari æskir, afhendir hann sjálfur heiðursmerkin, hvaða stigs sem þau eru.

9. gr. — Frá orðuveitingum skal skýra í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum. Einnig skal senda ríkisútvarpinu og dagblöðunum fregnir um þær, þegar heiðursmerkin hafa borizt viðtakendum.

## III. KAFLI


### Fundahöld o. fl.

10. gr. — Orðunefnd heldur fundi, er þurfa þykir. Formaður nefndarinnar stýrir þeim, en varaformaður í forföllum hans. Sá, er lengst hefur átt sæti í orðunefnd, er sjálfkjörinn varaformaður. — Um áramót hver skal orðuritari leggja fram ársreikning orðunnar og skýrslu um birgðir heiðursmerkja. Þegar nefndarmenn hafa athugað reikninginn og samþykkt, skal orðuritari senda hann fjármálaráðuneytinu til endurskoðunar, ásamt fylgiskjölum, en forsætisráðuneytinu skal senda samrit reikningsins. — Orðuritari veitir viðtöku öllum tillögum um orðuveitingar, sér um að þær komi undir atkvæði nefndarmanna og leggur tillögur nefndarinnar fyrir stórmeistara. — Orðuritari varðveitir heiðursmerki orðunnar, innsigli hennar, bækur og skjöl. Orðuritari annast fundarboðanir að fyrirlagi formanns.

## IV. KAFLI

### Samkomur orðubræðra.

11. gr. — Orðunefnd getur, í samráði við stórmeistara, kvatt orðubræður saman við hátiðleg tækifæri eða þegar merkilegt mál, sem orðubræður varðar, er á döfinni. — Ef henta þykir, setur stórmeistari slíkum fundum eða samkomum reglur, í samráði við orðunefnd.





# Forseti Íslands

Gjörir kunnugt:

Ég hef í dag sæmt  
dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson,  
fyreu. utanríkisráðherra,  
stórkrossi hinnar íslensku fálkaorðu

Gjört í Reykjavík, 1. desember 1953.

Fr. Fr. Gunn

Þóroddur Þorlacius

Ricardus Þóroddur

Henrik Sv. Þorlacius

Þóroddur Þorlacius

Gm. Þ. Þorlacius



# FORSETI ÍSLANDS

GJÖRIR KUNNUGT:  
ÉG HEF Í DAG SÆMT

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐHERRA

BJARNA BENEDIKTSSON

HEIÐURSPENINGI TIL MINNINGAR UM VÍGSLU  
SKÁLHOLTSKIRKJU OG AFHENDINGU  
SKÁLHOLTSSTAÐAR TIL ÞJÓÐKIRKJUNNAR 1963

GJÖRT Í REYKJAVÍK, 21. JÚLÍ 1963

*Hagfríðsson*

*Sigurður Einarsson*

*Sigrögur Sigríðsson*

*Þórunn Magnúsdóttir*





VIT HAAR KÖNI

Norges Konge

gjör vitterlig:

Under 21. juli 1947 har Vi utnevnt

Utenriksminister Bjarni Benediktsson

til skorkors av den kongelige norske  
St. Olavs Orden av hvilken Vi selv er stormester

Under Vår hånd og St. Olavs Ordens segl

*Seal*

*Mans Malorsen*

*Stagewann*

Diplom for skorkors av St. Olavs Orden:  
utenriksminister B. Benediktsson.



# St. Olavs Orden.

## Ordensdekorasjoners tilbakesending.

Etter statuttene for den kongelige norske St. Olavs Orden skal ordensdekorasjonene sendes tilbake til Ordenskanselliet i Oslo ved innehaverens død eller når kommandør eller ridder av ordenen tildeles høiere grad eller ridder av 2. klasse tildeles ridderkorset av 1.

I utlandet kan dette lettest skje ved ordenstegnenes overlevering til en av Hans Majestet Kongens legasjoner eller et norsk konsulat.

## Return of Badges.

According to the Statutes of the Royal Norwegian Order of St. Olav, badges have to be returned to the Office of the Order at Oslo on the death of the holder, or on the promotion of a Commander or Knight of the Order to a higher grade, or when a Knight's badge of the 1st class is conferred on a Knight of the 2nd class.

In Foreign countries this may conveniently be done by handing over the badge to one of His Majesty's Legations or to a Norwegian Consulate.

## Restitution des décorations.

D'après les statuts de l'ordre royal norvégien de St. Olav les insignes devront être restitués à la chancellerie de l'ordre à Oslo à la mort du titulaire ou en cas de la promotion d'un commandeur ou un chevalier de l'ordre à un grade supérieur, ou quand un chevalier de la 2me classe est honoré de l'insigne de chevalier de la 1ère classe.


A l'étranger cela se fera convenablement par la transmission de la décoration à une des légations de Sa Majesté le Roi de Norvège ou à un consulat norvégien.

## Zurückstellung der Orden.

Den Königlich Norwegischen Ordensstatuten gemäss sollen die Ordenszeichen beim Todesfalle des Betreffenden oder im Falle der Verleihung eines höhere Grades an einen Kommandeur oder Ritter des Ordens, oder wenn Ritterkreuz ersten Klasse einem Ritter zweiter Klasse zugeteilt wird, der Ordenskanzlei zu Oslo zurückgestellt werden.

Die Ordenszeichen können im Auslande behufs Zurückstellung an eine Königliche Norwegische Gesandtschaft oder ein norwegisches Consulat übermittelt werden.






Jag  
Juhro Kusti Paasikivi  
Republiken Finlands President  
Stormästare  
för Finlands Vita Ros Orden

har den 20. augusti 1948 beslutat förläna  
Utrikesministern  
Bjarni Benediktsson

Storkorset  
av Finlands Vita Ros Orden

J. Paasikivi



Auti Tuomola  
Orderkansler



#### KUNNIAMERKKIEN PALAUTTAMINEN.

Suomen Valkoisen Ruusun Ritarikunnan sääntöjen mukaan on kunniamerkit palautettava asianomaisen kuoltua tai saatua korkeamman arvomerkin.

Ulkomailla on kunniamerkit jätettävä Suomen lähetystölle tai konsulinvirastolle.

#### ORDENSTECKNENS ÅTERSTÄLLANDE.

Enligt stadgarna för Finlands Vita Ros Orden skola ordens-tecknen återställas vid innehavarens död, eller då han erhåller högre grad inom orden.

I utlandet bör sådant ske medels ordenstecknens överlämnande till Finlands beskickning eller konsulat.

#### RESTITUTION DES DECORATIONS.

D'après les statuts de l'Ordre de la Rose Blanche de Finlande les insignes seront restitués à la mort du titulaire ou dans le cas de sa promotion à un grade supérieur de l'ordre.

A l'étranger les insignes doivent être transmis à la Légation ou au Consulat de Finlande.

#### ZURÜCKERSTATTUNG DER ORDENSZEICHEN.

Den Finnischen Ordensstatuten gemäss sollen die Ordenszeichen beim Tode des Dekorirten oder im Falle der Verleihung eines höheren Grades des Ordens zurückerstattet werden.

Im Auslande sind die Ordenszeichen an die Finnische Gesandtschaft oder an ein Finnisches Konsulat einzusenden.





Reykjavík, 4. janúar 1966.

Herra forsætisráðherra


dr. Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

Með tilvísun til bréfs yðar, herra forsætisráðherra, dags. 3. þ. m., veiti ég yður hér með leyfi til að veita viðtöku og bera stórkross hinnar konunglegu sænsku Norðstjörnuorðu, er Hans Hátign Gustaf VI Adolf Svíakonungur hefir sæmt yður.

*H. Ásgeirsson*





H. M. Konungen har behagat under  
den 8 Decembri 1965 i nåder utnämna till  
Kommendör med stora korset av Kungl. Nordstjärneorden  
isländske medborgaren  
statsministern  
Bjarni Benediktsson.

Stockholms Slott den 15 februari 1966.

*M. Malmberg*

Ordenskansler



*M. Malmberg*

Ordenssekreterare

Ordensbrev för  
isländske medborgaren  
statsministern  
B. Benediktsson

såsom Kommendör med stora korset av Kungl. Nordstjärneorden.



## Ordenstecknens återställande.

Enligt stadgarna för de Kungl. Svenska Orderna skola ordenstecknen återställas vid innehavarens dödsfall, eller då denne erhåller högre grad inom orden.

I utlandet bör sådant ske genom ordenstecknens överlämnande till Kungl. Maj:ts beskickning eller svenskt konsulat.

---

## Restitution des décorations.

D'après les statuts des Ordres Royaux de Suède, les insignes de ces Ordres seront restitués à la mort du titulaire ou en cas de promotion à un grade supérieur du même Ordre.

A l'étranger, les insignes doivent être remis à une Ambassade, Légation ou Consulat du Royaume.

---

## Restitution of Decorations.

According to the regulations of the Royal Swedish Orders, all decorations should be restituted in case of death or when the bearer receives a higher degree of the same Order.

The return of a decoration may be effected abroad through a Swedish Embassy, Legation or Consulate.

---